FAS26010009

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar 2025

Reykjavík

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Borgarstjórn Reykjavíkur leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, með síðari breytingum og viðaukum. Reykjavíkurborg er með skráð skuldabréf í kauphöll og lýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem Kauphöll Íslands gefur út.

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2025 er með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015. Reykjavíkurborg víkur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistök eiga ekki við um sveitarfélög.

Hlutverk Reykjavíkurborgar

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Í B-hluta Reykjavíkurborgar er veitt þjónusta til fyrirtækja og einstaklinga meðal annars á sviði veitna, hafna, félagslegs húsnæðis, sorpvinnslu, brunavarna og almenningssamganga.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Lög, reglur og tilmæli

Reykjavíkurborg starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um skyldur borgarinnar gilda að auki lög og reglugerðir um starfsemi hennar og þjónustu einstaka málaflokka. Yfirlit yfir lögmæt verkefni sveitarfélaga og tilvísanir í viðeigandi lög er að finna á vef Stjórnarráðsins.

Reykjavíkurborg hefur sett sér samþykktir og innri reglur almennt um stjórn borgar og eftir málaflokkum, sem er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is. Helstu samþykktir og innri reglur eru eftirfarandi:

- Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt viðaukum
- Samþykkt menningar- og íþróttaráðs
- Samþykkt mannréttindaráðs
- Samþykkt skóla- og frístundaráðs
- Samþykkt stafræns ráðs
- Samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs
- Samþykkt velferðarráðs
- Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa
- Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar
- Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg
- Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar
- Reglur um styrkveitingar Reykjavíkurborgar
- Innkaupareglur Reykjavíkurborgar
- Reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- Reglur um fjárstýringu
- Innheimtureglur
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar



Stjórnskipulag Reykjavíkurborgar

Gildandi stjórnskipulagi fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar er sem hér segir:



Borgarstjórn

Borgarstjórn starfar skv. II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, sbr. 9. gr. laganna. Hlutverk og verksvið borgarstjórnar skv. 8. gr. sveitarstjórnarlaga er að fara með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna Reykjavíkurborgar og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast. Hún skal sjá um að fylgt sé ákvæðum laga um sveitarstjórnarmál, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar. Þá getur borgarstjórn ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði Reykjavíkurborg.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Borgarstjórn kýs forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn. Borgarstjórn kýs úr hópi borgarfulltrúa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Upplýsingar um kjörna fulltrúa í borgarstjórn, trúnaðarstörf þeirra á vegum borgarstjórnar og fjárhagslega hagsmuni þeirra er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Fjöldi fulltrúa í borgarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélagsins ræðst af ákvæðum sveitarstjórnarlaga og í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sem birt er í Stjórnartíðindum og er aðgengileg þar og á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar má sjá hverjir sitja í einstökum nefndum, ráðum og stjórnum. Í 2. tl. 44. gr.

sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem borgarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er borgarstjórnina varðar, ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í borgarstjórn sitja nú fulltrúar 8 stjórnmálaflokka, 15 konur og 8 karlar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Árið 2025 voru haldnir 22 fundir í borgarstjórn, þar af einn fundur með Reykjavíkurráði ungmenna.

Borgarráð

Borgarráð fer, ásamt borgarstjóra, með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Ráðið hefur umsjón með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn hennar sérstaklega, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn. Borgarráð sér um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Borgarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við borgarstjóra um ákvörðunina. Í borgarráði sitja sjö borgarfulltrúar kjörnir af borgarstjórn. Flokkur sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Í borgarráði sitja nú þrír áheyrnarfulltrúar.

Árið 2025 voru haldnir 40 fundir í borgarráði.

Borgarstjóri

Borgarstjórinn í Reykjavík er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri er ráðinn af borgarstjórn og getur verið borgarfulltrúi. Sé hann borgarfulltrúi hefur hann einnig skyldur sem slíkur. Borgarstjóri er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar, opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar og pólitískur leiðtogi meirihlutans. Hann er prókúruhafi borgarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og aðrar skuldbindingar svo og vegna ráðstafana sem samþykki borgarstjórnar þarf til. Borgarstjóra er heimilt með samþykki borgarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum borgarinnar prókúru. Borgarstjóri fer með eignarhluta Reykjavíkurborgar í B-hluta fyrirtækjum.

Borgarstjóri Heiða Björg Hilmisdóttir tók við þann 21. febrúar 2025 af Einari Þorsteinssyni.

Innra eftirlit, áhættustýring og endurskoðun

Borgarstjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits í starfsemi borgarinnar og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um; að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins; áreiðanleika og réttmæti fjárhagsupplýsingar sem veittar eru ytri aðilum og að fylgt sé lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Við uppbyggingu á innra eftirliti hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlega viðurkenndur rammi um innra eftirlit.

Áhættustýring

Áhættustjóri borgarinnar er Stefanía Sch. Thorsteinsson sem leiðir áhættustýringu borgarinnar. Markmið áhættustýringar er að greina, meta og stýra áhættu til að tryggja skilvirka nýtingu fjármagns, draga úr líkum á fjárhagslegum áföllum og auka fyrirsjáanleika í rekstri. Eins stuðlar áhættustýring að áhættumiðaðri upplýsingatöku yfir allt borgarkerfið.

Til þess að ná markmiðunum nýtir áhættustjóri fjölbreyttar greiningaraðferðir og tæki. Meðal annars eru unnar tölfræðilegar kostnaðar- og ábatagreiningar til að meta hvenær best er að draga úr áhættu og hvort fyrirbyggjandi aðgerðir borgi sig - ef t.d. kostnaður við að fyrirbyggja áhættu er lægri en mögulegt tjón ef áhættan raungerist, er hagkvæmt að grípa til varna, ef ekki, er fræðilegra betra að taka áhættuna – en sú ákvörðun er ætíð tekin í samráði við æðstu stjórnendur borgarinnar.

Value-at-risk (VaR), skilyrt value-at-risk (CVAR) eru mikilvæg greiningartól sem notuð er til að meta hversu mikið það mun kosta borgina ef allt fer á versta veg, Hermanir eru annað mikilvægt tæki til þess að kortleggja óvissu og væntan kostnað við áhættur. Með því að keyra hermanir fást út fjölmargar sviðsmyndir, sem sýna ólíkar útkomur og þannig er hægt að líkur á óæskilegu ástandi áður en það raungerist og bregðast þannig við í tíma. Eins notar áhættustýringin tornado gröf til að gera greinarmun á áhættum, bestunarlíkön til þess m.a. nýta fjármagn á sem allra bestan máta og bow-tie greiningar til að dýpka skilning á viðfangsefninu sem um ræðir.

Að lokum eru notuð ýmis spálíkön, tölfræðilegar greiningar og ófjárhagslegir mælikvarðar til að ná sem víðtækastri sýn á áhættulandslag borgarinnar. Með markvissri áhættustýringu er tryggt að áhersla sé lögð á skilvirka ákvarðanatöku, verndun fjármuna borgarinnar og hagsmuni íbúa.

Helstu áhættuþættirnir sem haft geta áhrif á getu borgarinnar til að ná markmiðum sínum til skamms tíma og til næstu ára eru lausafjáráhætta, markaðsáhætta, mótaðilaáhætta, tekju- og útgjaldaáhætta og rekstraráhætta. Farið verður stuttlega yfir hvern áhættuflokk fyrir sig hér að neðan.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Þessi áhætta er til staðar í hlutabréfum, skuldabréfum (vaxtatengdum fjármálagerningum) og gjaldeyrisviðskiptum. Megináhættuþættir markaðsáhættu eru hluta- og skuldabréfaverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Aðrir þættir á borð við fylgni og flökt, hafa hvoru tveggja áhrif á einstaka áhættuþætti sem og heildar markaðsáhættu. Misræmisáhætta telst einnig til markaðsáhættu en hún myndast þegar misræmi er milli eigna og skuldbindinga borgarinnar til að mynda hvað varðar verðtryggingarhlutfall, meðallíftíma eða gjaldmiðla.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er skilgreind sem hættan á að Reykjavíkurborg hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði innan ákveðins tíma til að standa við skuldbindingar sínar.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi ef að mótaðili uppfyllir ekki skuld-bindingar sínar gagnvart Reykjavíkurborg. Undir mótaðilaáhættu flokkast útlánaáhætta, þ.e.a.s.

skuldari geti ekki greitt skuldir sínar á fyrir fram ákveðnum tíma og greiðslufall verði að hluta eða öllu leyti.

Tekju- og útgjaldaáhætta

Greining á sveiflum í tekjum og kostnaði sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu borgarinnar.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfisbilunum eða vegna ytri atburða. Undir rekstraráhættu fellur ferlaáhætta, starfsmanna-áhætta, kerfis og tækniáhætta, hlítingaráhætta, ytri áhættur, ábendingar vegna afhendingarþjónustu og eignaáhætta.

Endurskoðunarnefnd

Reykjavíkurborg hefur skipað endurskoðunarnefnd skv. 108. gr. laga nr. 3/2006 um árs-reikninga. Hlutverk endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er skilgreint í samþykkt hennar og gegnir hún samsvarandi hlutverki gagnvart samstæðu borgarinnar og einstökum B hluta félögum innan samstæðunnar. Nefndin starfar samkvæmt IX. kafla A. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og samkvæmt samþykkt frá 10. júlí 2014 með síðari breytingum. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars gegna eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðureiknings A- og B-hluta.
- Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg
- Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og gera umsögn um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar um umsækjendur um starf innri endurskoðanda.

Nánari útfærslu á störfum nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, formaður, Einar S. Hálfdánarson hrl. og löggiltur endurskoðandi (réttindi óvirk), Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur. Á heimasíðu borgarinnar má sjá samþykkt sem borgarstjórn hefur sett fyrir endurskoðunarnefnd.

Innri endurskoðun og ráðgjöf

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) starfar samkvæmt samþykkt borgarstjórnar frá 15. júní 2021. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er Ingunn Ólafsdóttir og heyrir skrifstofa Innri endurskoðunar og ráðgjafar undir hennar stjórn. Innri endurskoðun og ráðgjöf fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Í því felst að með störfum sínum leggur IER mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar.

Verkefni innri endurskoðunar flokkast í staðfestingarvinnu annars vegar og ráðgjafarþjónustu hins vegar. Viðfangsefnin ná m.a. til fjárhagsendurskoðunar, stjórnsýsluendurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa. Innri endurskoðun og ráðgjöf veitir stjórnendum faglega ráðgjöf og annast innri endurskoðun sem er hluti af innra stjórnendaeftirliti Reykjavíkurborgar.

IER tekur á móti gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi, og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Starfssvið IER nær til A hluta Reykjavíkurborgar, eins og hann er afmarkaður í 1. tölul. 1. mgr. 60 gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að því marki sem A hlutinn ber ábyrgð á B hlutanum, eins og hann er afmarkaður í 2. tölul. sömu gr., nær starfssviðið einnig til allrar samstæðu borgarinnar. IER hefur gert samninga um innri endurskoðunarþjónustu hjá Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Malbikunarstöðinni Höfða, Orkuveitu Reykjavíkur og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. en hjá Sorpu bs. og Strætó bs. er innri endurskoðun útvistað.

Samfélagsábyrgð og siðareglur

Um samfélagslega ábyrgð er fjallað í stefnumörkun Reykjavíkurborgar, meðal annars í umhverfis- og auðlindastefnu og loftslagsstefnu. Áhersla er lögð á að lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verði tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Reykjavíkurborg leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda og verður stefnunni framfylgt í eftirfarandi níu málaflokkum: Auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur og rekstur Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg er aðili að Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð. Miðstöðin hefur það hlutverk að efla þekkingu á sjálfbærum rekstri og hefur Reykjavíkurborg skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Græn og félagsleg fjármögnun

Reykjavíkurborg, Félagsbústaðir og Orkuveita Reykjavíkur hafa sett ramma til að tryggja að fjármögnun mikilvægra framkvæmda styðji við markmið um sjálfbærni og samfélagsleg áhrif.

Reykjavíkurborg: Fyrsti græni ramminn samþykktur 2018 og uppfærður 2023. Ramminn fylgir ICMA-viðmiðum og byggir á skýrum ferlum um verkefnaval, meðferð fjármuna og skýrslugjöf. CICERO metur rammann miðlungs grænan og stjórnsýsluferlið framúrskarandi.

Orkuveita Reykjavíkur: Fyrsti rammi samþykktur 2019 og fékk hæstu einkunnir CICERO. Nýr rammi 2021 nær yfir allar grænar fjárfestingar samstæðunnar og 86% fjármögnunar 2021–2023 féll undir rammann. Útgáfa 2024 innleiðir ESB-flokkunarreglugerð.

Félagsbústaðir: Rammi fyrir félagsleg skuldabréf samkvæmt Social Bond Principles. Vottaður af Sustainalytics sem traustur og áhrifaríkur. Félagsbústaðir hafa fjármagnað kaup á íbúðaeiningum með félagslegum skuldabréfum á undanförnum árum.

Siðareglur

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Siðareglur kjörinna fulltrúa voru samþykktar 19. júní 2019 og eru aðgengilegar á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Siðareglur starfsfólks voru samþykktar 9. mars 2023.

Í samræmi við 63. gr. laga nr. 3/2003 um ársreikninga og reglu REG-0894 um upplýsingar um viðskipti tengdra aðila, sem samþykkt var í borgarráði 22. mars 2018, ber fjármála- og áhættustýringarsviði að gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þ.m.t. á hverju tengslin við viðkomandi aðila byggjast, fjárhæð viðskipta og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að leggja mat á fjárhagsstöðu borgarinnar. Reykjavíkurborg safnar upplýsingum um viðskipti tengdra aðila fyrir útgáfu ársreiknings hvers árs um aðal- og varaborgarfulltrúum sem og staðgengla borgarstjóra. Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli er skilgreiningin m.a. sú að um sé að ræða þá sem eru í nánum fjölskyldutengslum við viðkomandi aðila s.s. börn, maki, sambýlismaki, börn maka/sambýlismaka, einstaklingur á framfæri viðkomandi eða maka/sambýlismaka og fl. Þá eru lögaðilar sem viðkomandi aðili sjálfur eða maki/sambýlismaki eða börn á framfæri viðkomandi tengist skilgreindir sem tengdir aðilar og eru skráðir sérstaklega. Reykjavíkurborg aflar upplýsinga í Þjóðskrá um fjölskyldunúmer og kennitölur allra aðal- og varaborgarfulltrúa sem og staðgengla borgarstjóra að undangenginni upplýsingagjöf til ofangreindara aðila um vinnslu þessara persónuupplýsinga. Auk þess er kallað eftir frá öllum aðal- og varafulltrúum sem og staðgenglum borgarstjóra að þeir skila inn yfirliti yfir aðila sem falla undir ofangreinda skilgreiningu að því slepptu sem Reykjavíkurborg kallar eftir beint frá þjóðskrá. Ofangreindar upplýsingar eru síðan keyrðar saman við fjárhagskerfi borgarinnar í því skyni að kanna hvort viðskipti hafi átt sér stað sem þurfa sérstakrar rýni við. Upplýsingarnar eru að auki afhentar endurskoðendum borgarinnar til frekari rýni. Í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 eru einnig sett skilyrði um auðkenningu viðskiptamanna með könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðkomandi. Hafa allir borgarfulltrúar og sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs auðkennt sig við þær fjármálastofnanir sem Reykjavíkurborg á viðskipti við svo og gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga og uppfylla þar með þær lagaskyldur.

Stefnur

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Reykjavíkurborg hefur sett sér stefnumörkun þvert á starfsemina, sem er að finna á heimasíðu borgarinnar. Helstu stefnur eru:

- Græna planið – heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
- Fjármálastefna 2023-2027
- Áhættustefna
- Húsnæðisstefna
- Atvinnu- og nýsköpunarstefna
- Jafnlaunastefna
- Mannauðsstefna
- Mannréttindastefna
- Persónuverndarstefna
- Upplýsingaöryggisstefna
- Þjónustustefna

Þá hefur Reykjavíkurborg sett sér stefnumörkun í einstökum málaflokkum, sem er að finna á heimasíðu borgarinnar. Helstu stefnur eru:

- Stefnur á sviði íþrótta- og tómstundamála
- Stefnur á sviði menningar- og ferðamála
- Stefnur á sviði skóla- og frístundamála
- Stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála
- Stefnur á sviði velferðarmála

Reykjavíkurborg hefur sett sér almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar sem skýrir hlutverk, umboð og ábyrgð eigandavalds Reykjavíkurborgar í fyrirtækjum borgarinnar. Þá hefur verið settar eigendastefnur vegna B-hluta fyrirtækja, m.a. vegna Félagsbústaða hf., SORPU bs., Strætó bs. og Orkuveitu Reykjavíkur.

Græna planið

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Með áherslu á **efnahag, umhverfi og samfélag** heldur Græna planið utan um fimmtán lykiláherslur undir víddunum **Vaxandi borg**, **Græn borg** og **Borg fyrir fólk** sem virka sem sameiginlegt leiðarljós þvert á svið Reykjavíkurborgar. Ítarlegar upplýsingar er að finna um markmið, aðgerðir og framgang þeirra á heimasíðu borgarinnar.

Mæling árangurs

Til að fylgjast með árangri Græna plansins innleiðir Reykjavíkurborg þrjá alþjóðlega staðla frá World Council on City Data (WCCD), sem mæla sjálfbærni borgarinnar í yfir 200 mælikvörðum:

- ISO 37120: Mælir þjónustu og lífsgæði borgarbúa.
- ISO 37122: Mælir þróun borgarinnar sem snjallborg.
- ISO 37123: Mælir hæfni borgarinnar til að takast á við áföll og náttúruhamfarir.

Niðurstöður eru birtar í gagnagátt Reykjavíkur og hafa verið nýttar í loftslagsáætlun borgarinnar.

VAXANDI BORG

Vaxandi borg felur í sér framtíðarsýn í efnahagsmálum og felur í sér að „[í] Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna. Borg sem setur grænan vöxt í forgang.“

Markmið í efnahagsmálum eru eftirfarandi:

Ábyrg fjármálastjórnun
Fjármálastefna borgarinnar byggir á sjálfbærni, stöðuleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi

Þétt og blönduð byggð
Þéttari, blandaðri byggð með sjálfbærni hverfa að leiðarljósi

Ný atvinnutækifæri til framtíðar
Þróun atvinnutækifæra verður á forsendum þekkingar, nýsköpunar og sjálbærni til framíðar

Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun
Góð landnýting, fjölbreytt atvinnulíf og athafnasvæði fyrir allar tegundir fyrirtækja af öllum stærðum

Fjármálastefna

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2023-2027, sem samþykkt var samhliða fjárhagsáætlun, var undirbúin með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi borgarinnar. Í stefnunni er skýr áhersla á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.

Í Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 eru sett markmið um rekstur og þróun fjármála borgarinnar til lengri og skemmri tíma, ásamt mælikvörðum sem snúa annars vegar að A-hluta og hins vegar að A- og B-hluta. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

A-hluti

1. Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2026.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.

Samstæða – A- og B-hluti

1. Jafnvægisviðmið samstæðu sé jákvætt.
2. Skuldaviðmið samstæðu verði ekki hærra en 150% frá og með 2027.

Fjármálastefnan byggir á grunngildum borgarinnar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi sem varða leið borgarinnar að því að uppfylla fjármálareglur sveitarfélaga.

Fjármálastefnuna skal endurskoða innan sex mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og er gert ráð fyrir að ný stefna verði lögð fram samhliða fjárhagsáætlun næsta árs.

Kynjuð fjárhagsáætlun

Reykjavíkurborg samþættir jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun og ákvarðanatöku í samræmi við jafnréttislög. Frá 2011 hefur borgin nýtt kynjaða fjárhagsáætlun til að tryggja sanngjarna dreifingu fjármuna og mannréttindi í fyrirrúmi. Sérstakt verklag er hluti af fjárhagsáætlunarferlinu til að tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við fjárveitingar, þjónustu og úthlutanir.

Húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2026 - 2030

168.000 íbúar árið 2035

Íbúar í Reykjavík voru 139.810 þann 1. janúar 2026 samkvæmt tölum Hagstofunnar, og hafði þeim þá fjölgað um 1.040 frá fyrra ári. Á þessum tímapunkti bjuggu rúmlega 55% íbúa höfuðborgarsvæðisins í borginni og rúmlega 35% af heildaríbúafjölda landsins, sem var 394.530.

Árið 2025 er níunda árið í röð þar sem fjölgaði yfir 1.000 íbúa í borginni en fjölgunin var mest árið 2022, um 3.660 íbúa. Alls hefur íbúum borgarinnar fjölgað um 11.180 á síðustu fimm árum og um 20.510 á síðustu tíu árum. Til samanburðar bjuggu 20.780 íbúar í Garðabæ í upphafi árs 2026.

Í húsnæðisáætlun er gert ráð fyrir að íbúum Reykjavíkur gæti mögulega fjölgað um 28.000 næstu 10 árin sem myndi þýða 168.000 íbúa árið 2035.

Hátt í 3.000 íbúðir í byggingu í mars 2026 og annað eins á byggingarhæfum lóðum

Í lok mars 2026 voru 2.623 íbúðir í byggingu í Reykjavík. Þar af voru 625 íbúðir á vegum leigu- og búseturéttarfélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða, námsmannaíbúðir, hjúkrunarrými og íbúðir á vegum Félagsbústaða. Þá voru um 250 íbúðir sem falla undir samningsmarkmið Reykjavíkurborgar um leiguíbúðir og kauprétt Félagsbústaða. Samtals eru þetta rúmlega 33% íbúða í byggingu.

Í mars 2026 voru til byggingarhæfar lóðir í Reykjavík þar sem byggja má um 2.613 íbúðir en skv. samkomulagi Reykjavíkurborgar, innviðaráðuneytis og HMS skuldbindur borgin sig til að hafa á hverjum tíma byggingarhæfar lóðir fyrir 1.500 – 3.000 nýjar íbúðir.

Allt að 16 þúsund nýjar íbúðir til 2035 og þar af 35% án hagnaðarsjónarmiða

Í húsnæðisáætlun 2026 til 2035 segir að stuðlað verði að kröftugri uppbyggingu íbúða næstu 10 ár og byggðar allt að 16 þúsund nýjar íbúðir eða meðan verið sé að mæta uppsafnaðri þörf. Þetta er rúmlega fjórðungsaukning frá þeim 61.785 íbúðum sem skv. gögnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru í Reykjavík í upphafi árs 2026.

Í áætluninni segir að til framtíðar litið verði 35% húsnæðis án hagnaðarsjónarmiða og sérstaklega horft til þess að tryggja tekjulægri hópum leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði, um leið og m.a. verði gætt að félagslegri blöndun í hverfum og fjölbreytni í íbúðagerð og -stærð. Á næstu 10 árum verði miðað við að 35% uppbyggingarinnar verði óhagnaðardrifin, sem þýði um 5.600 íbúðir. Þessi uppbygging verði tryggð með markvissri lóðaúthlutun til félaga sem byggja án hagnaðarsjónarmiða, samningum við uppbyggingaraðila, sbr. samningsmarkmið borgarráðs, og breytingum á lagaumhverfi húsnæðismála. Í áætluninni segir að um langtímaverkefni sé að ræða en hlutfall húsnæðis án hagnaðarsjónarmiða sé í dag um 16%. Með metnaðarfullri áætlun um uppbyggingu geti hlutfallið verið orðið 20% árið 2035.

Samið um úthlutun og byggingarrétt á allt að 20.000 íbúðum til 2035

Í úthlutunaráætlun húsnæðisáætlunar er gert ráð fyrir að úthluta lóðum sem eru í eigu borgarinnar fyrir allt að 1.000 íbúðir á árunum 2026-27 og að meðaltali 900 íbúðum á ári næstu 10 árin. Áætluð heildaruppbygging, þ.e. úthlutun á lóðum borgar auk samninga um uppbyggingu á lóðum

einkaaðila, er rúmlega 1.400 íbúðir á ári árin 2026 og 2027 og svo um 2.200 íbúðir að meðaltali á ári til ársins 2035, eða í allt rúmlega 20.000 íbúðir.

Samþykkt voru áform um byggingu um 1.000 nýrra íbúða á árinu 2025 og gefin út byggingarleyfi fyrir um 1.000 íbúðir. Gert er ráð fyrir að gefa út byggingarleyfi fyrir um 1.200 íbúðir árið 2026 og annað eins árið 2027. Útgefnum byggingarleyfum fjölgi svo og verði að meðaltali fyrir um 1.900 íbúðir á ári til ársins 2035, eða í allt fyrir rúmlega 18.000 íbúðir.

Skv. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun voru skráðar fullgerðar 735 íbúðir í borginni á árinu 2025 en þær voru 989 árið 2024, 874 árið 2023, 1.062 árið 2022, 1.252 árið 2021, 1.572 árið 2020 og 1.003 árið 2019. Í húsnæðisáætlun er gert ráð fyrir að 757 íbúðir verði fullgerðar árið 2026 og 862 árið 2027. Fullgerðum íbúðum fjölgi svo út áætlunartímabilið og verði að meðaltali um 1.600 á ári til 2035.

Atvinnu- og nýsköpunarstefna

Unnið hefur verið að því að koma innleiðingu atvinnu- og nýsköpunarstefnu í góðan farveg. Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 inniheldur 26 aðgerðir sem skiptast niður á sex stefnuáherslur. Unnið var áfram með sex kjarnaáherslur stefnunnar sem eru: 1. Sameiginlegur skilningur borgar og atvinnulífs, 2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar, 3. Fleiri stoðir verðmæta-sköpunar, 4. Sögur úr borginni, 5. Grænn vöxtur og 6. Engin skilin eftir.

Á meðal lykilatriða sem unnið er eftir er þróun nýrra atvinnusvæða á Hólmsheiði, Álfsnesi og Esjumelum. Á Esjumelum er samþykkt deiliskipulag og lóðir gerðar byggingarhæfar og úthlutað í taki við þarfir atvinnulífsins. Deiliskipulag fyrir athafnasvæði 2 á Hólmsheiði var unnið í samstarfi við nokkur fyrirtæki sem valin voru til samstarfs í kjölfar markaðskönnunar. Deiliskipulagið hefur nú verið auglýst. Á Álfsnesi var teymi valið gegnum útboð til að vinna rammaskipulag og þróunaráætlun fyrir atvinnusvæðið sem mun hafa hringrás efna að leiðarljósi. Þá er unnið að samstarfsverkefnum með atvinnulífinu í miðborginni, vísindaþorpi í Vatnsmýri og þorpi skapandi greina í Gufunesi. Þá eru einnig haldnir fundir með vaxandi fyrirtækjum og þeim kynntar áhugaverð tækifæri í borginni. Borgin hefur unnið að því að búa til fleiri stoðir verðmætasköpunar með þátttöku í verkefnum á borð við Snjallræði, Gulleggið og Hringiðu sem eru frumkvöðlaverkefni á vegum Klak.

GRÆN BORG

Græn borg felur í sér framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis og loftslagsmálum. Í því felst að „Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.“

Markmið í umhverfismálum eru:

Samdráttur í losun gróðurhúsaloftegunda
Kolefnishlutlaus borg fyrir árið 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum

Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
Aukin ræktun, nýting og samtenging milli grænna svæða

Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
Vinna gegn loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim

Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
Áhersla á lýðheilsusjónarmið og aukinn borgarbúskap

Vistvænar samgöngur
Fjárfesting í samgönguinnviðum verður á grænum og fjölbreyttum forsendum

Kolefnishlutlaus borg

Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2030 og að aðlögun að loftslagsbreytingum verði með vistvænum og mannvænum hætti. Stutt verður við markmið Parísarsamkomulagsins um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5°C.

Reykjavíkurborg hefur verið valin til þátttöku í Evrópusamstarfi ásamt ríflega hundrað öðrum borgum um að verða kolefnishlutlaus árið 2030. Í þátttökunni felst að gera loftslagsborgarsamning með ýmsum aðilum í íslensku samfélagi um aðgerðir svo hægt sé að ná því metnaðarfulla markmiði saman.

Í fyrstu útgáfu loftslagsborgarsamningsins eru 18 þátttakendur með Reykjavíkurborg. Þátttakendur í samningnum hafa skuldbundið sig til að móta aðgerðir sem draga mælanlega úr losun gróður-húsalofttegunda og styðja við Reykjavíkurborgar um að verða kolefnishlutlaus 2030. Í núverandi samningi eru 15 aðgerðir, 13 sem snúa að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (mitigation) og 2 sem tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum. Einnig eru tilgreindar aðgerðir sem tengjast samskiptum við borgarbúa og upptalning á styrktarverkefnum.

Reykjavík	Loftslagsborgarsamningur						
Orka	Kolefnishlutlaus orkuframleiðsla 2030						
Samgöngur	Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins	15 mínútna hverfi	Samstarf við stærstu vinnustaði Reykjavíkur um samgöngur	Samstarf við Festu	Loftslagssáttmáli Ferðaþjónustunnar	Faxaflóahafnir kolefnishlutlausar 2030	Orkuskipti ökutækja
Úrgangsmál og hringrásarhagkerfið	Bætt flokkun fyrirtækja	Útfösun F-gasa					
Kolefnisbinding	Kolefnisbinding – mat á náttúrumiðuðum og tæknilegum lausnum						
Mannvirkjagerð	Losunarfríir verkstaðir	Hringrásarhugsun í byggingargeiranum					
Aðlögun að loftslagsbreytingum	Blágrænar ofanvatnslausnir	Flóðavarnir					
Vitundarvakning og nýsköpun	Borgaraþing um loftslagsmál	Samráðsgátt um loftslagsmál	Styrktarverkefni ESB til 2 ára um samgöngur og úrgangsmál	Styrktarverkefni ESB til 18 mánaða um ferðamáta og bílastæðalausnir	Styrktarverkefni Bloomberg: Loftslagssjóður ungs fólks		

Fyrsta útgáfa samningsins var undirritaður í október 2024. Samningurinn kom í stað fyrri aðgerða-áætlunar í loftslagsmálum sem rann út árið 2025. Endurnýja þarf samninginn á 2 ára fresti og endurskoða aðgerðir í samráði við þátttakendur.

Helstu áhersluatriðin í samningnum og aðgerðunum eru:

1. **Samgöngur**: Áhersla á breytta ferðamáta og að styrkja innviði fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur.
2. **Orkuskipti**: Orkuskipti í bílaflota og skipum í Reykjavík
3. **Úrgangur og hringrásarhagkerfi:** Aukin flokkun, endurvinnsla og endurnýting.
4. **Byggingargeirinn:** Borgin hefur metnaðarfull markmið um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Því er mikilvægt að þessi uppbygging hafi sem minnst áhrif á loftslag og umhverfi
5. **Réttlát umskipti**: Tryggja réttlát umskipti við þróun kolefnishlutlauss samfélags.

Reykjavíkurborg er einnig virkur þátttakandi í lofts-lagssáttmála sveitarfélaga í Evrópu (Covenant of Mayors), hefur tekið þátt í verkefnum alþjóðlegu samtakanna C40 (re-inventing cities) og veitir upplýsingar um loftslagsmál í gegnum alþjóðlegu upplýsingaveituna CDP (carbon-disclosure-project).

Sjá nánar um loftslagsmál í Reykjavík hér: www.reykjavik.is/loftslagsmal

Grænt bókhald

Grænt bókhald Reykjavíkurborgar er losunarbókhald vegna reksturs A-hluta. Á árinu 2025 hófst tvíþátta mikilvægisgreining sem metur mikilvæg áhrif, áhættu og tækifæri í starfseminni og fjárhagslegt mikilvægi áhrifaþátta.

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Einingar	2024	2025
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	8.606	8.675

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2024	2025
Losunarkræfni orku	kgCO_2í/MWst	10,4	12,7
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO í/stöðugildi	454	497,9
Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management			

Orkukræfni	Einingar	2024	2025
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	43.576,00	39.055,60
Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management			

Úrgangskræfni	Einingar	2024	2025
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	336	327,4

Losunarbókhald

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2024	2025
Umfang 1	tCO_2í	713,3	695,5
Umfang 2 (landsnetið)	tCO_2í	2.806,60	3.031,40
Umfang 1 og 2	tCO_2í	3.519,90	3.726,90
Umfang 3	tCO_2í	387,5	592,1
Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3	tCO í	3.907,40	4.319,00
Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets			

Umfang 1 - Samsetning losunar	Einingar	2024	2025
Heildarlosun	tCO_2í	713,3	695,5
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO_2í		4,9
Eldsneytisnotkun	tCO í	699,4	685,7

Umfang 2 - Samsetning losunar	Einingar	2024	2025
Heildarlosun	tCO_2í	2.806,60	3.031,40
Rafmagn	tCO_2í	326,5	334,7
Hitaveita	tCO í	2.480,10	2.696,70

Umfang 3 - Samsetning losunar	Einingar	2024	2025
Heildarlosun	tCO_2í	387,1	592,1
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO_2í	387,1	411,7
Viðskiptaferðir	tCO í		180,4

Umhverfisþættir

Orkunotkun	Einingar	2024	2025
Heildarorkunotkun	kWst	375.014.997,20	338.807.148,10
Jarðefnaeldsneyti	kWst	2.868.649,20	2.781.437,70
Lífeldsneyti	kWst	2.475.123,70	2.649.520,80
Rafeldsneyti	kWst	401,2	-
Rafmagn	kWst	38.236.079,20	43.579.727,90
Hitaveita	kWst	331.434.743,90	289.796.461,70
Bein orkunotkun	kWst	5.344.174,10	5.430.955,50
Óbein orkunotkun	kWst	369.670.823,10	333.376.189,60
Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management			

Orkusamsetning	Einingar	2024	2025
Heildarorkunotkun	kWst	375.014.997,20	338.807.148,10
Jarðefnaeldsneyti	%	0,8	9,9
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	99,2	87,7
Kjarnorka	%	0	2,3
Óþekkt	%	0	0,1
Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management			

Eldsneytisnotkun	Einingar	2024	2025
Heildareldsneytisnotkun	kg	422.644,20	428.002,50
Bensín	kg	89.360,00	84.276,50
Díselolía	kg	151.426,80	149.061,50
Metan	kg	181.847,00	194.623,10
Lífeldsneyti	kg	-	41,4

Vatnsnotkun	Einingar	2024	2025
Heildarvatnsnotkun	m³	9.409.126,00	9.403.645,90
Kalt vatn	m³	3.694.733,90	4.407.155,20
Heitt vatn	m³	5.714.392,10	4.996.490,70
Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management			

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2024	2025
Heildarmagn úrgangs	kg	2.891.889,00	2.839.985,00
Flokkaður úrgangur	kg	1.437.798,00	1.438.807,00
Óflokkaður úrgangur	kg	1.454.091,00	1.401.178,00
Endurheimtur úrgangur	kg	2.251.171,00	2.182.302,00
Úrgangi fargað	kg	640.718,00	657.683,00
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	49,7	50,7
Hlutfall endurheimts úrgangs	%	77,8	76,8

Viðskiptaferðir	Einingar	2024	2025
Samtals vegalengd	km		1.214.217,00
Ferðir á vegi	km		1.214.217,00

Heildarlosun eykst um 411,6 tonn CO_2 ígilda frá síðustu framlögn græns bókhalds. Þar af eru 180,4 tonn CO_2 ígilda vegna viðskiptaferða, sem eru nýr þáttur í grænu bókhaldi. Með viðskiptaferðum er átt við ferðir starfsfólks á eigin bíl í þágu vinnuveitanda. Losun vegna jarðefnaeldsneytis dregst saman. Aukning er vegna hitaveitu, rafmagns og úrgangs. Heildarmagn úrgangs minnkar, flokkaður úrgangur eykst og óflokkaður úrgangur minnkar.

Heildstætt yfirlit yfir markmið og framgang er að finna á www.reykjavik.is/loftslagsmal undir Loftslags-tölfræði - Grænt bókhald.

Nasdaq: ESG Reporting Guide - GRI: Global Reporting Initiative - SDG: Sustainable Development Goals - SASB: Sustainability Accounting Standards Board

Græn skref Reykjavíkurborgar

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti. Samkvæmt loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar eiga allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar að vera þátttakendur í Grænum skrefum.

Um áramótin 2025/2026 voru 292 starfsstaðir Reykjavíkurborgar skráðir í verkefnið Grænu skrefin.

Í lok 2025 voru samtals 131 starfsstaðir virkir í Grænu skrefunum (búnir að ljúka einhverju skrefi) frá því að verkefnið hófst og skiptist það svona niður:

- 41 starfsstaður búinn að ljúka skrefi 1
- 31 starfsstaður búinn að ljúka skrefi 2
- 12 starfsstaðir búnir að ljúka skrefi 3
- 47 starfsstaðir búnir að ljúka skrefi 4

Markmiðið var að allir skráðir starfsstaðir næðu að ljúka að minnsta kosti fyrsta skrefi. Um það bil 45% höfðu náð þessu markmiði. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um Græn skref Reykjavíkurborgar hér.

BORG FYRIR FÓLK

Borg fyrir fólk felur í sér framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum. Það felur í sér að „Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir. Reykjavík okkar allra.“

Markmið í samfélagsmálum eru:

Fyrir okkur öll

Góð líðan íbúa og að við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll

Látum draumana rætast

Börn og unglingar láti draumana sýna rætast

Menning og listir verða samofin borgarlínu

Öll hafi jöfn tækifæri til að taka þátt í njóta menningar og listar

Íþróttir fyrir öll

Flest stundi reglulega íþróttir eða aðra hreyfingu

Bætt Lýðheilsa

Heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag

Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

Heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag

Velferðarstefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita velferðarþjónustu sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll. Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn.

Menntastefna og frístundastefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum umhverfis, samfélags- og tæknibreytingum.

Leiðarljós stefnu frístundaþjónustu er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.

Menningarstefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að allir borgarbúar hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista.

Stefnur á sviði íþrótta- og tómstundamála

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði íþróttamála er að flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu.

Lýðheilsustefna

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að skapa heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra í heilsuborginni Reykjavík.

Mannréttinda- og lýðræðisstefna

Markmið Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum er inngilding og að íbúar hafi tækifæri til þess að vinna með borginni að bættum lífsgæðum í umhverfi sínu.

Þegar unnið er að samþykktri stefnumörkun hjá Reykjavíkurborg og veigamiklar ákvarðanir eru teknar m.a. um úthlutun fjármagns hjá borginni er mannréttindastefna Reykjavíkurborgar höfð til hliðsjónar.

Starfsmanna- og jafnréttismál

Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar

Unnið hefur verið markvisst eftir leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu Reykjavíkur-borgar frá því að hún var samþykkt árið 2018. Árlega er farið yfir markmið og aðgerðir sem falla undir áherslur. Á síðasta ári var unnið að 8 markmiðum sem náðust flest að hluta til eða öllu leyti. Má nefna sem dæmi að markmiðið að ná að móta nýja mannauðsstefnu fyrir árslok þegar núverandi mannauðsstefna rennur sitt skeið náðist. Unnið var að því að opna og taka í notkun ASK atvikaskráningarkerfi Reykjavíkurborgar og nýr innri samskiptamiðill var tekin í notkun á árinu. Hafin var heildarendurskoðun og þróun á starfsmatskerfinu SAMSTARF í samvinnu við heildarsamtök stéttarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga skv. bókun í kjarasamningi aðila.

Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar

Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar gildir fram til ársins 2030. Í henni er að finna bæði viðvarandi aðgerðir eins og að innleiða jafnlaunakerfi og framkvæma árlegar launagreiningar sem og tímabundnar aðgerðir sem unnið er markvisst að á mannauðs- og starfsumhverfissviði.

Nýjasta launagreining Félagsvísindastofunnar á launagögnum frá október 2024 sýnir að leiðréttur kynbundinn launamunur var 0%. Dregið hefur úr launamun frá síðustu greiningu og ljóst er að þær aðgerðir sem farið hefur verið í eru að skila árangri.

Mannauður

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannauðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember árin 2024 og 2025. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A-hluti

	2024			2025			
Lykiltölur um mannauð - A-hluti	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	2.367	6.239	8.606	2.380	6.296	8.675	0,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	329.087	457.980	787.067	317.951	449.494	767.446	-2,5%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	769.972	1.063.474	1.833.446	768.640	1.069.433	1.838.073	0,3%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	331.337	909.600	1.240.938	338.751	875.466	1.214.217	-2,2%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	674	2.263	2.936	1.044	3.169	4.213	43,5%

Sundurliðun einstök svið

	2024			2025			
Fjármála- og áhættustýringarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	22	48	70	23	50	73	4,3%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	25	0	25	0	0	0	-100,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	910	564	1.474	887	598	1.485	0,7%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	6	7	13	8	11	19	46,2%

	2024			2025			
Menningar- og íþróttasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	207	250	458	204	267	471	2,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	63.262	60.531	123.792	60.002	59.398	119.400	-3,5%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	79.724	77.254	156.979	74.864	81.203	156.067	-0,6%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	71.589	23.385	94.974	68.739	20.542	89.281	-6,0%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	47	71	118	67	110	177	50,0%

	2024			2025			
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	10	42	52	11	40	51	-1,9%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	0	0	0	9	19	28	N/A
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	383	1.283	1.666	202	2.559	2.761	65,7%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	7	9	16	6	13	19	18,8%

	2024			2025			
Skóla- og frístundasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	971	3.892	4.864	984	3.956	4.940	1,6%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	83.106	209.494	292.600	80.457	209.294	289.751	-1,0%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	39.772	70.259	110.031	37.798	67.081	104.879	-4,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	63.009	197.904	260.914	65.058	178.815	243.873	-6,5%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	363	1.768	2.130	580	2.434	3.014	41,5%

	2024			2025			
Velferðarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	729	1.698	2.427	737	1.683	2.420	-0,3%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	91.323	175.088	266.411	96.922	170.288	267.209	0,3%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	604.395	913.902	1.518.297	616.777	916.820	1.533.597	1,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	162.282	673.796	836.078	181.167	663.023	844.190	1,0%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	144	319	463	234	474	708	52,9%

	2024			2025			
Miðlæg stjórnsýsla	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	22	57	78	25	48	74	-5,1%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	2.150	628	2.778	1.189	140	1.329	-52,2%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	1.638	508	2.145	248	335	583	-72,8%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	4.840	6.362	11.202	627	4.068	4.694	-58,1%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	7	15	22	16	24	40	81,8%

	2024			2025			
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	79	101	180	74	95	169	-6,1%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	2.716	0	2.716	1.169	14	1.183	-56,4%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	12.410	0	12.410	11.971	47	12.018	-3,2%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	2.808	538	3.346	4.217	396	4.612	37,8%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	27	34	61	39	46	85	39,3%

	2024			2025			
Umhverfis - og skipulagssvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	327	151	477	320	157	477	0,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	86.506	12.239	98.745	78.203	10.342	88.545	-10,3%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	32.033	1.551	33.583	26.981	3.947	30.928	-7,9%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	25.516	5.768	31.284	17.854	5.466	23.320	-25,5%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	73	40	113	94	57	151	33,6%

Rannsóknar- og þróunarstarfsemi

Stafræn þróun borgarinnar og verkefni því tengd ásamt þróun á þjónustu hennar gegna lykilhlutverki í framþróun í rekstri Reykjavíkur. Stafræn umbreyting og sú endurskilgreining og ítrun verk- og þjónustuferla er hún leiðir af sér styðja við hagkvæmni í rekstri og gera borginni kleift að sinna þjónustu við sístækkandi íbúafjölda á skilvirkari hátt en ella. Þróun í upplýsingatæknirekstri getur haft jákvæð áhrif á rekstur og markmið Reykjavíkurborgar um að verða kolefnishlutlaus 2030. Þá er þróunarvinnan undirstaða öryggis í meðhöndlun gagna og upplýsinga sem og hagnýtingu upplýsingatækni á öllum starfsstöðum Reykjavíkur.

Annað

Upplýsingar um dómsmál sem beinast að Reykjavíkurborg er að finna í skýringum með ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar 5. maí 2026.